



17. fundur Starfshóps um deiliskipulag miðbæjar, þann 7. jan. 2020 í fundarsal Hafnarfjarðarbæjar, Bæjarráðssal, við Strandgötu kl. 11:15.

Starfshópur.

Ágúst Bjarni Garðarsson, fulltrúi meirihluta og formaður
Lovísa Traustadóttir, fulltrúi meirihluta
Jón Ingi Hákonarson, fulltrúi minnihluta
Kári Eiríksson, fulltrúi íbúa.
Sigríður Margrét Jónsdóttir, fulltrúi fyrirtækja
Guðmundur Bjarni Harðarson, fulltrúi frá Markaðsstofu Hafnarfjarðar

Forföll:

Helga Stefánsdóttir, forstöðumaður Hfj.

Með starfshópnum starfa:

Helga Stefánsdóttir, forstöðumaður Hfj.
Þormóður Sveinsson, skipulagsfulltrúi Hfj.
Gunnþóra Guðmundsdóttir, arkitekt Hfj.

Eftirfarandi var tekið fyrir.

Rætt var samantekt á þeim hugmyndum og athugsemdum sem íbúar lögðu fram á íbúafundi sem haldinn var þ.19.nóv. 2019.

Starfshópurinn hefur hug á að klára verkefni sitt hið fyrsta og skila skýrslunni. Í henni þurfa að koma fram sjónarmið almennings og viðbrögð við þeim. Mikilvægt er að koma til móts við þau atriði sem fram komu á íbúafundinum ásamt því að skerpa á þeim atriðum sem nú þegar eru í skýrslunni og komu einnig fram á fundinum.

Líkt og áður hefur komið fram hjá nefndinni er áhugi á að skoða hvernig megi endurskoða miðbæinn í áföngum. Er þá vilji til þess að huga að opnum svæðum við Strandgötuna sem eru í eigu bæjarins, hvernig megi skapa líf innan þessara vasa við götuna.

Gæta þarf þess að skýra tilgang skýrslunnar og markmiðum hennar. Að þeim atriðum sem sett voru fram í erindisbréfi nefndarinnar verði svarað.

Má mögulega ræða hagfræði bæjarins? – Fjöldi íbúa, starfsmanna og fl. sem áhrif hefur á rekstur verslunar og þjónustu.

Fleira var ekki rætt á fundi. Fundi slitið kl.12:30.

